

Kirkjuþing 2017
9. mál – þskj. 9

T I L L A G A

til þingsályktunar um stuðning íslensku þjóðkirkjunnar við ályktun
tólfta þings Lúterska heimssambandsins um að ákvæði um jafnrétti kynjanna verði
tekið upp í stofnskrá sambandsins
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

■ Kirkjuþing 2017 lýsir því yfir, að íslenska þjóðkirkjan styður ályktun tólfta þings Lúterska Heimssambandsins frá árinu 2017 um að fela nýkjörnu Ráði sambandsins (Central Committee) að undirbúa fyrir þrettánda heimsþing þess að ákvæði um jafnrétti kynjanna verði tekið upp í stofnskrá heimssambandsins.

Greinargerð

Á tólfta heimsþingi Lúterska heimssambandsins 2017, sem haldið var í Windhoek, Namibíu, var svofelld ályktun samþykkt:

Ályktun um að kynjaréttlæti sé bætt við stjórnarskrá Lúterska Heimssambandsins

- 1) Þingið hvetur nýkjörna framkvæmdastjórn Lúterska heimssambandsins til að mælast til þess að gerðar verði breytingar á stjórnarskrá Heimssambandsins á 13. heimsþingi þess. Þessar breytingar felast í að orðinu “kynjaréttlæti” (e. gender justice) verði bætt við III. hluta stjórnarskrárinnar (Upplag og virkni) með eftirfarandi hætti:
 - a) [Lúterska heimssambandið]: beitir sér fyrir því að kirkjur sambandsins starfræki virka kærleiksþjónustu, létti undir þar sem fólk býr við skort, stuðli að friði og mannréttindum, félagslegu og hagrænu réttlæti, **kynjaréttlæti**, umhyggju fyrir sköpun Guðs og samnýtingu auðlinda;”
(breytingartillagan er feitletruð)

Hér er tengill á vefsíðu Lúterska Heimssambandsins þar sem ályktunin er birt:

<https://www.lwfassembly.org/en/resolution-inclusion-gender-justice-lwf-constitution>

Flutningsmenn telja mikilvægt að íslenska þjóðkirkjan lýsi yfir stuðningi við þessa mikilvægu ályktun Lúterska heimssambandsins og flytja því þessa tillögu á kirkjuþingi. Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt tillögunnar feli í sér kostnað fyrir kirkjuna.